

Akranesi, 14. maí 2019

## BOÐUN AÐALFUNDAR SPALAR EHF.

Með vísan til 11. og 12. gr. samþykktu Spalar ehf., 511295-2119 („félagið“) er hér með boðað til aðalfundar í félaginu 29. maí nk. kl. 13:00 í sal Frístundamiðstöðvarinnar hjá Golfklúbbnum Leyni, Akranesi.

Dagskrá fundarins verður með eftirfarandi hætti:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um liðið starfsár
3. Staðfesting ársreiknings
4. Ákvörðun um hagnað eða tap
5. Kjör stjórnar og þóknun
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillaga um lækkun hlutfjár í félaginu samkvæmt 2. tölulið 2. mgr. 34. gr. laga nr. 138/1994 og útgreiðslu lækkunarinnar til hluthafa
8. Yfirtaka Vegagerðarinnar á Speli
9. Önnur mál

### Skýring dagskrárlíða 7 og 8 um lækkun hlutfjár og yfirtöku Vegagerðarinnar – ástæður og framkvæmd

Með samningi við Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Fjármála- og efnahagsráðuneytið 30. september sl. voru Hvalfjarðargöngin afhent íslenska ríkinu til eignar í samræmi við upphaflegan samning félagsins við stjórnvöld frá árinu 1995. Í kjölfarið voru félögin Spölur ehf. og Eignarhaldsfélagið Spölur hf. sameinuð undir nafni þess fyrrnefnda. Með afhendingu ganganna lauk tilgangi félagsins. Fyrir stjórn þess liggur því að greiða hluthöfum þess hlutfé sitt út, uppreiknað í samræmi við ákvæði samningsins frá 1995, þ.e. verðbættu m.v. grunnvísitölu neysliverðs 172,0 stig auk 14% árlegrar ávöxtunar.

Stjórn félagsins hefur lagt fram tillögu um að útgreiðsla hlutfjár til hluthafi verði framkvæmd með þeim hætti að lækka hlutfé í félaginu og ráðstafa lækkunarfénu til hluthafa í réttum hlutföllum við hlutfjáreign þeirra í félaginu, svo sem heimilt er samkvæmt 2. tölulið 2. mgr. 34. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög („ehl.“). Fyrir hluthafafundinum stendur að samþykkja tillögu þessa. Uppfært hlutfé til útgreiðslu til hluthafa nam m.v. 30. september 2018, þegar Hvalfjarðargöngunum var skilað til íslenska ríkisins, kr. 227.230.138 Er sú fjárhæð öll til útgreiðslu við þessa framkvæmd og fá hluthafar þá fjárhæð greidda út, að frádregnum fjármagnstekjuskatti, eins og áður hefur verið tilkynnt um. Til upplýsingar þá er það tillaga stjórnar að greiddur verði arður að fjárhæð kr. 24,0 mkr.

Samþykki hluthafafundurinn tillögu stjórnar um lækkun hlutfjár með útgreiðslu til hluthafa mun stjórn félagsins hefja lögboðið ferli við lækkunina. Verður fjárhæðin greidd út til hluthafa að því loknu.

Eftir lækkunina mun hlutfé félagsins nema 500.000 krónum að nafnvirði sem skiptist á milli allra hluthafa í sömu hlutföllum og áður. Með útgreiðslunni hafa hluthafar hins vegar fengið allt uppreiknað hlutfé sitt greitt út í samræmi við samninginn frá 1995 og með því hefur félagið gert upp allar skuldbindingar sínar. Engar eignir eru í félaginu utan þeirra fjármuna sem eftir sitja á innlánsreikningum og ætlaðir eru til að greiða nauðsynlegan kostnað við uppgjör skuldbindinga.


Samkvæmt samningnum við íslenska ríkið, dags. 30. september sl., var samið um að það sem kynni að verða eftir af fjármunum í félaginu þegar allar skuldbindingar þess væru greiddar myndu þeir fjármunir renna til öryggismála í Hvalfjarðargöngunum. Að svo stöddu kæmu engar eignir til skipta með hluthöfum við slit félagsins. Vegna þessa hefur stjórn félagsins komist að samkomulagi við Vegagerðina um að Vegagerðin taki yfir rekstur félagsins í stað þess að því verði slitið. Í samræmi við það mun eftir útgreiðslu til hluthafa verða óskað eftir því að hluthafar félagsins staðfesti það samkomulag fyrir sitt leyti og undirriti yfirlýsingu um að þeir framselji eignarhluti sína til Vegagerðarinnar án sérstakrar greiðslu og að þeir eigi ekki frekari kröfu um útgreiðslur frá félaginu og eða Vegagerðinni.

Verði þessi tillaga stjórnar samþykkt mun samþykktum félagsins verða breytt til samræmis.

\*\*\*

Fundargögn, m.a. ársreikningur, tillaga stjórnar um lækkun, munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis. Vilji hluthafar fá framangreind gögn send fyrir fundinn er hægt að óska þess sérstaklega við skrifstofu félagsins.

**F.h. Stjórn Spalar ehf.**



Gísli Gíslason,

formaður stjórnar Spalar ehf.